



Umhverfis- og skipulagssvið - USK  
Höfðatorg - Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. mars 2025  
USK24110089  
EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 20.3.2025 varðandi eftirfarandi mál:

**USK - Reykjavíkurflugvöllur - Breyting á deiliskipulagi - Nauthólsvegur 50-52 - til afgreiðslu**

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 14. mars 2025, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs 12. mars 2025 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar vegna lóðarinnar nr. 50-52 við Nauthólsveg, ásamt fylgiskjölum.  
Samþykkt.

Björn Axelsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks samþykkja að setja fyrirbyggjandi skipulagstillögu í lögbundið samráðsferli svo hlutaðeigandi aðilar geti komið sínum sjónarmiðum að. Gera fulltrúarnir fyrirvara um endanlega afgreiðslu málsins að loknu samráðsferli.

Helga Björk Laxdal  
e.u.